

# Eftir krókaleiðum

*Um varðveislustefnu íslenskrar tungu*

Ritgerð til B.A.-prófs

Díana Rós Rivera

Kt. 310383-7169

Leiðbeinandi: Jóhannes Gísli Jónsson

Maí 2009

## Ágrip

Efni ritgerðarinnar er varðveislumarkmið íslenskrar málstefnu og þær leiðir sem eru farnar til þess að ná því. Í 1. kafla er fjallað um þá skoðun að ákveðið samhengi hafi ríkt í málinu frá upphafi og nauðsynlegt sé að sporna við breytingum á málkerfinu svo þessi samfella í máli rofni ekki. Varðveisla málsins er einnig skoðuð í tengslum við sjálfstæðisbaráttuna en á tímum hennar kviknaði mikill áhugi á tungunni. Almennt var lítið svo á að hnignun þjóðar og tungu færi saman og tungan væri það sem gerði Íslendinga að þjóð. Að lokum er rætt um gagnrýni á þær leiðir sem farnar eru til þess að ná takmarki varðveislustefnunnar og efasemdir um að samfella í máli eigi við rök að styðjast.

Í öðrum kafla er farið nánar í hugmyndina um samfellu í máli en fylgjendur hennar telja samhengi í máli forsenduna fyrir varðveislu málsins. Rétt mál er talið það sem á sér eldri hefð og því er spornað við málfarsbreytingum. Einnig er rætt um þá skilgreiningu að rétt mál sé það sem ekki brjóti í bága við neinar málvenjur. Þeir sem aðhyllast þá skoðun telja samfellu vera ýkta og ekki forsendu fyrir varðveislu málsins. Vænlegra til árangurs sé að leggja áherslu á fræðslu og þjálfun í málinu.

Í 3. kafla er fjallað um málfarsleiðbeiningar og þau ólíku svið tungumálsins sem þær beinast að. Sýnishorn af málfarsleiðbeiningum eru tekin úr bók Ara Páls Kristinssonar, *Handbók um málfar í talmiðlum*, og rætt um þær niðurstöður að mesta áherslan er lögð á beygingakerfið. Bent er á að möguleg ástæða fyrir þeirri áherslu hafi ekki endilega með varðveislustefnuna að gera heldur þá staðreynd að beygingakerfið hefur breyst tiltölulega lítið og því talin ástæða til þess að svo sé áfram. Auk þess er textabrot úr skólaútgáfu af Brennu-Njáls sögu birt og hlutfall skýringa af heildartexta reiknað. Fæst þannig skýrari mynd af því hvort hugmyndin um samfellu í máli sé byggð á traustum grunni og hvort Íslendingar séu í raun læsir á fornbókmenntirnar.

Í lokin er umfjöllun um þá staðreynd hversu lítið er fjallað um staðbundinn framburð í tengslum við varðveislu málsins. Sú kenning er rædd að sjónum sé beint að beygingakerfinu frekar en hljóðkerfinu vegna þess að hljóðkerfið hafi þegar tekið stórvægilegum breytingum og því sé ómögulegt að ætla að varðveita það í upprunalegri mynd.

## **Efnisyfirlit**

1. Inngangur.....	4
1.1 Málstefnan og tengsl við 13. öld.....	5
1.2 Málstefnan og þjóðerni.....	6
1.3 Gagnrýni á málstefnuna .....	8
1.4 Samantekt.....	11
2. Samfella eða málvenja?.....	12
2.1 Menningararfurinn og móðurmálið .....	13
2.2 Venjur málsamfélagsins.....	15
3. Tungumálið og ólík svið þess.....	17
3.1 Sýnishorn .....	17
3.2 Lestur fornþókmennta.....	21
3.3 Staðbundinn framburður .....	22
4. Lokaorð.....	25
Heimildaskrá.....	28

## 1. Inngangur

Á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is), er að finna tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu sem lögð var fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009. Þar lýsir Alþingi yfir stuðningi sínum við meginmarkmið Íslenskrar málnefndar sem er að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags og ályktar einnig að tillögur Íslenskrar málnefndar verði samþykktar sem opinber málstefna fyrir íslenska tungu. Málstefnan sem vísað er í er afrakstur starfshópa Íslenskrar málnefndar sem unnu að stefnumótun á þeim sviðum sem málstefnan nær til. Málstefnan er skilgreind sem „málfélagsleg vitund og dulin og sýnileg ferli í tilteknu málsamfélagi.“<sup>1</sup> Íslensk málnefnd hefur undanfarin tvö ár unnið að tillögum að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðherra og er aðalmarkmið þeirra að tryggja notkun íslensku á öllum sviðum samfélagsins.

Í inngangi fylgiskjals er íslensk málstefna skilgreind sem „ráðandi málfélagsleg vitund og dulin og sýnileg ferli í tilteknu málsamfélagi; varðar bæði stöðu og form máls.“ Námskrár, fyrirmæli, orðabækur, ritreglur og aðgerðaáætlanir eru dæmi um sýnilega málstefnu. Með dulinni er átt við áhrif á stöðu og form sem getur verið erfitt að benda á hvaðan koma. Vísað er í álitserð sem gefin var út árið 1986 en höfundar hennar telja meginatriði í íslenskri málstefnu vera varðveislu og eflingu tungunnar. Ari Páll Kristinsson segir að með varðveislu málsins sé átt við að „reyna að varðveita íslensku eins og hægt er í núverandi mynd“ (Ari Páll Kristinsson 2002:4). Efling tungunnar felur í sér að Íslendingar geti haft sem mest not af málinu. Það kemur einnig fram að tveimur áratugum síðar taki Íslensk málnefnd undir þessi orð en vegna breytinga í samfélaginu þurfi þó að taka til fleiri samfélagsþátta en áður. Enn eru engar opinberar samþykktir til um heildarmálstefnu en eins og áður sagði vinnur Íslensk málnefnd að tillögum um íslenska málstefnu og á [www.islenskan.is](http://www.islenskan.is) er að finna stefnuskrá hennar fyrir árin 2006-2010.

Í klausu í skjalinu um horfur íslenskunnar segir að teikn séu á lofti um að íslenskt málkerfi sé að breytast og það hraðar en áður. Rannsóknir sýni töluverðan mun á máltilfinningu yngri og eldri kynslóða og að málbreytingar á mismunandi sviðum

---

<sup>1</sup> Hér er vísað í skilgreiningu Ara Páls Kristinssonar á hugtakinu. Í skjalinu er einnig bent á þá skilgreiningu Höskuldar Þráinssonar á málstefnu sem kemur fram í riti hans *Handbók um málfræði* að málstefna sé sú stefna sem farið er eftir í skólum og opinberum stofnunum. Er hún sögð svipuð þeirri skýringu á stefnunni sem finna má í *Íslenskri orðabók*. Segir einnig að Íslensk málnefnd kjósi að nota hugtakið í víðari merkingu líkt og Ari Páll Kristinsson.

málkerfisins virðist bæði vera fleiri og ganga hraðar fyrir sig en verið hefur. Með hnattvæðingu sé íslenskt samfélag orðið mun alþjóðlegra en áður og enskan sæki stöðugt á. Fjölskyldumynstur- og hagir fólks séu ólíkir því sem áður var og eldri kynslóðir hafi ekki lengur eins mikil áhrif á tungutak ungs fólks og fyrr. Bent er á mikilvægi foreldra og annarra aðstandenda barna sem málfyrirmynda og það svo ítrekað í lokaorðum þingskjalsins. Þar segir einnig að enginn beri jafn mikla ábyrgð á íslenskri tungu og þjóðin sjálf enda sé hún sameign þjóðarinnar. Tungan sé sterk eins og standi en mikilvægt sé að sofna ekki á verðinum.

### *1.1 Málstefnan og tengsl við 13. öld*

Af umræðum og skrifum um íslenska málstefnu má sjá að samhugur ríkir um þau markmið hennar að efla og varðveita málið. Þegar fjallað er um varðveislustefnuna er athyglisvert að einatt skuli vísað í mikilvægi þess að fólkið í landinu verði áfram fært um að lesa fornbókmenntirnar og þess vegna sé óæskilegt að málkerfið og orðaforðinn taki miklum breytingum. Rík áhersla virðist lögð á að varðveita þann menningararf sem fornbókmenntirnar eru og þá sérstöðu sem þær og tungan hafa. Af því má draga þá ályktun að meiri áhersla sé lögð á það að fylgja því sem er eldra í málinu þegar kemur að hinum ýmsu reglum og ábendingum en því sem jafnvel hefð er fyrir þar sem það sé þá óhjákvæmileg málbreyting.

Kristján Árnason (2001) segir þátt fornbókmenntanna þegar kemur að viðhaldi íslensku á síðari öldum seint verða ofmetinn. Hann bendir á að íslenska hafi orðið ritmál fyrr en margar aðrar Evróputungur nútímans og segir að fornbókmenntirnar séu ástæða hinnar miklu íhaldssemi og einsleitni íslenskunnar í samanburði við frændtungurnar sem og samhengis í málþróuninni. Kristján fjallar einnig um málstaðla og þau almennu lögmál sem um þá gilda. Bendir hann fyrst á bókmenntir sem áhrifaþátt í þróun málstaðla og segir þær skapa reglur og venjur, rétt eins og hinn íslenska sagnastíl. Stöðlun tungumáls haldist einnig í hendur við opinbera stjórnsýslu og lagasetningu auk þess sem notkun tungumáls í trúarritum geti skapað ákveðinn staðal. Sjálfstætt ríki á borð við Ísland krefjist opinbers ritmálsstaðals og séu innviðir þessa staðals frá 12. og 13. öld sem gerir, eins og áður sagði, íslensku að einu af elstu, lifandi ritmálum heimsins.

Hann segir í framhaldi af því að mál fornbókmenntanna sé fyrirmynd að staðli máls nútímans og að hreintungustefna sæki þangað innblástur sinn. Í raun megi því

segja að „Snorri Sturluson og Halldór Kiljan Laxness hafi skrifað á sama tungumáli“ (Kristján Árnason 2001:5). Í umræðum um málrækt og málstefnu sé oft vitnað til þess samhengis sem haldist hefur í máli og þótt enginn vafi leiki á mikilvægi þess sé þó óraunhæft að ætla að gera það að meginmarkmiði málstefnunnar þar sem ekki sé hægt að ætlast til þess að heilt málsamfélag hafi það að markmiði að varðveita menningararf sinn. Kristján segir einstaklingssjónarmiðið líka skipta máli þar sem litið er á tungumálið sem samskiptatæki fyrst og fremst. Of ströng umvöndun um málið geti verið meiðandi enda málið hluti af sjálfsmýnd einstaklingsins.

Hann fer þó ekki ofan af því að „lífsnaðsynlegt sé [...] að halda hinu innra samhengi málstaðalsins sem byggir á sögunni og viðhalda formgerð hans“ (Kristján Árnason 2001:5). Hann telur aðeins einn kost mögulegan þegar kemur að þróun málstaðla á Íslandi á 21. öld sem sé sá að fyrrnefnt samhengi íslensks ritmáls haldist og stuðlað verði að því með svipuðum hætti og verið hefur. Rök fyrir þessu segir hann mikilvægi þess að halda lifandi tengslum við bókmenntaarfinn auk þess sem auðveldara er að eiga við umdæmisvanda íslenskunnar með staðli sem er í lifandi tengslum við verk Snorra Sturlusonar og Halldórs Laxness en með nýjum staðli sem ekki er byggður á hefð. Með umdæmisvanda á Kristján við stöðu íslenskunnar gagnvart ensku hér á landi en á sumum sviðum á borð við innan tæknigreina, háskóla og vísindasamfélaga telur hann ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðu íslenskunnar. Kristján segir að lokum að eini málstaðallinn sem eigi sér lífsvon hér á landi sé sá sem við höfum nú og af því leiði að viðhalda þurfi íhaldsseminni.<sup>2</sup>

## *1.2 Málstefnan og þjóðerni*

Það er greinilegt af ofansögðu að varðveisla málsins er mörgum mikið hugðarefni og að sama skapi sé athyglisvert að stundum skuli vera sett samasemmerki milli sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og umhyggju fyrir tungunni og að umræða um málrækt sé

---

<sup>2</sup> Baldur Jónsson (2002) tekur í svipaðan streng og Kristján Árnason og segir málið einfalt, á meðan Íslendingar berjast fyrir sjálfstæðri tilveru beri þeir umhyggju fyrir tungu þjóðarinnar. Hann segir að um leið og tungumálið taki stakkaskiptum sitji þjóðin uppi með lestrarefni sem hún skilur ekki og yrði með því slitin úr sambandi við sjálfa sig og sína fortíð. Tungan sé dýrmætasti arfur okkar og allt málverndarstarf Íslendinga hafi miðað að því að Íslendingar væru áfram læsir á eldra, eigið mál. Hann telur jafnframt varðveislugaldurinn fólgin í því að halda sem fastast um beygingakerfið þar sem það er sú burðargrind sem heldur öllu uppi.

almennt tengd íslensku þjóðerni.<sup>3</sup> Kjartan G. Ottósson (1990) segir að tungan hafi gegnt stóru hlutverki í sjálfstæðisbaráttunni þar sem ákveðið tómlæti gagnvart henni vék fyrir brennandi áhuga. Tungan var það sem gerði Íslendinga að sérstakri þjóð um leið og hún á vissan hátt var til vitnis um forna frægð sem aftur hvatti menn til dáða. Mönnum fannst þeir skyldugir til að þess að hlúa að henni og þeirri hugsun að ástand tungu og þjóðar fari saman var haldið á lofti sem almennu lögmáli. Væri málið í blóma væri þjóðin það líka og var talið eðlilegt að þjóð sem vildi bæta mál sitt leitaði fyrirmynda frá þeim tíma þegar málið blómstraði.

Guðmundur Hálfðanarson (1996) segir tungumálið vera forsendu þjóðernisvitundar og að allt frá fyrstu dögum sjálfstæðisbaráttunnar hafi verið lögð áhersla á mikilvægi tungumálsins fyrir íslenska þjóðernisvitund. Hann segir jafnframt að íslenska lýðveldið sé enn ungt að árum og af þeim sökum ferskt í minningu margra auk þess sem Íslendingar skeri sig frá öðrum Evrópuþjóðum að því leyti að tungumálið er frekar einsleitt, landamæri vel afmörkuð frá náttúrunnar hendi og trúarbragðadeilur svo gott sem engar frá siðaskiptum. Sé uppruni og þróun íslensks þjóðernis borið saman við aðrar þjóðir komi í ljós flókið samband tungumáls og þjóðerniskenndar og séu Íslendingar ekki undanþegnir þeirri reglu. Margir þeirra óttist áhrif tökuorða á málið og minni skilning á hetjusögu þjóðarinnar en áður var.

Guðmundur segir að í öllu því sem komið hafi út undanfarin ár um uppruna og þróun þjóðernis megi greina samstöðu um vissa þætti í sögu þjóðernis og þjóðernisstefnu. Eitt af því sé að sem pólitískt fyrirbæri teljist þjóðernisstefnan tiltölulega ný af nálinni. Þótt menn séu ekki í öllu sammála um nákvæman fæðingardag stefnunnar reki flestir hana til síðari hluta 18. aldar þegar átök urðu um uppsprettu fullveldisins í frönsku byltingunni. Hann bendir á að þar sem þjóð og þjóðernisstefna sé ekki einn og sami hluturinn leiði þjóðernisvitund ekki óhjákvæmilega til þjóðernishyggju. Af nýlegum fræðiritum að dæma sé svo greinilegt að menn greini á um hvort þjóðerni sé nútímafyrirbæri eða nýr angi samkenndar sem hafi fylgt samfélögum öldum saman. Þeir sem aðhyllast fyrri kenninguna hafna því að þjóðerni eigi sér beinar rætur í þjóðfélögum fyrri tíma og þess vegna sé tilgangslaust að leita uppruna þjóða í sögum eða menningu þeirra jafnvel þótt „flestar þjóðir nýti þessa þætti

---

<sup>3</sup> Ari Páll Kristinsson (2002) segir að íslensk málrækt beri þess merki að vera tengd hugmyndum um íslenskt þjóðerni sterkum böndum og lesa megi úr viðhorfum fólks að erfitt sé að ímynda sér Íslendinga sem þjóð nema þeir eigi sitt eigið tungumál.

til réttlætningar á tilveru sinni“ Guðmundur Hálfðanarson 1996:17). Þeir sem eru andvígir þessum kenningum segja þjóðerni ekki vera jafn rótlaust fyrirbæri og fólk vilji vera láta en Guðmundur segir að munurinn á þessu tvennu sé í raun ekki mikill. Þjóðir séu svo sannarlega ekki skapaðar úr engu og hver þjóð velji yfirleitt tákni úr safni tákna eða goðsagna sem tengi þjóðina saman og greinir hana frá öðrum. Það sé svo tilviljunum háð hvaða tákni eru valin. Er þetta mjög athyglisverður punktur hjá Guðmundi því sé það svo að hver þjóð velji sér einhvers konar sameiningartákni sem um leið greina hana frá öðrum þjóðum liggur þá ekki beint við að ætla að tungan sé það tákni sem Íslendingar hafa valið sér sem útskýrir að mörgu leyti ofuráhersluna sem lögð er á hana?

Undir lok greinarinnar segir Guðmundur að í augum nútímaíslendings þyki fátt eðlilegra en að forfeður þeirra berðust fyrir sjálfstæði þjóðarinnar en nú þegar nokkuð er liðið frá þeirri baráttu hafi vaknað spurningar um upphaf hennar. Hann segir sjálfstæðisbaráttu og þjóðernisvitund vera náttúrulega staðreynd í augum Íslendinga fremur en pólitíska vitund og megineinkenni þjóðernisstefnunnar sem pólitískrar hugmyndafræði það „að hún hlutgeri huglæga vitund“ eða breyti „pólitísku vali í óhagganlega staðreynd, þ.e. í stað þess að túlka þjóðina sem félagslega siðvenju telja þjóðernissinnar hana órjúfanlegan þátt í mannlegu eðli“ (Guðmundur Hálfðanarson 1996:28).

### *1.3 Gagnrýni á málstefnuna*

Spurningin er hins vegar hvort hugmyndin um samfellt mál og menningu öldum saman sé ekki nokkuð ofmetin. Hreinn Benediktsson (1969) segir það vel þekkta klisju að nútímamál sé hið sama og mál miðalda og fela í sér miklar ýkjur. Sumir þættir málsins hafi þvert á móti breyst, og það á nokkuð róttækan hátt, og nefnir hann hljóðkerfið sem dæmi um það. Gísli Pálsson (1979) segir hugmyndina um samfelli í máli og menningu landsmanna gjarnan setta fram þegar rætt sé um „hreinleika“ nútímamáls. Segir hann mannfræðinga benda á það að hugmyndir manna um fortíðina móti skilning þeirra á nútíðinni. Hann segir það vissulega rétt að breytingar sem orðið hafa á íslensku séu litlar miðað við þær breytingar sem orðið hafa á nágrannatungunum en þó sé ljóst að breytingarnar séu mun stórtækari en margir geri ráð fyrir, t.d. sé hæpið að segja að hver sem er geti lesið gömlu sögurnar.



Gísli byrjar grein sína á því að tala um málveirufraeði og segist þar eiga við málvísindamenn sem leggja yfirsíkilvitlegt og síðferðilegt mat á ýmislegt í máli manna sem ekki er viðurkennt sem „rétt“ mál. Málveirufraeðina segir hann fjalla um málafbrigði og málbreytingar sem eitthvað óhreint, einhvers konar sýkingu, og bendir á að mannfræðingar haldi því fram að fólk fyllist stundum hreinlætisáráttu þegar veruleikinn er fjarlægur þeim hugmyndum sem það gerir sér um heiminn. Í tilviki málveirufraeðinga má því líta svo að þeir séu haldnir málhreinunaráráttu. Gísli telur hugmyndir málveirufraeðinga njóta hvað mest fylgis meðal íslenskra málvísindamanna en hann telur þessar hugmyndir tímaskekkju auk þess sem hann segir málveirufraeðinga ófæra um að skilja þær breytingar sem orðið hafa á íslensku málsamfélagi.

Gísli segir þorra fólks ekki endilega tala „ómengað mál“ og að málveirufraeðingar líti svo á að „vont“ málfar beri vitni um lágt greindarstig. Þetta geti því skapað málfarslega stéttarskiptingu og viðmið málveirufraeðinga réttlæti annars vegar félagslegan ójöfnuð og leyfi hins vegar fræðimönnum að ráðskast með félagslegar stofnanir líkt og skólakerfið. Nefnir Gísli það sem hann kallar tossakver Björns Guðmundssonar, *Íslenska málfræði*, sem dæmi um hið síðarnefnda og segir það í áratugi hafa boðað grunnskólanemendum endanlegan sannleika um móðurmálið. Gísli segir viðmið málveirufraeðinga koma í veg fyrir að rannsakaðar séu félagslegur ástæður fyrir málbreytingum þar sem áhugi þeirra beinist fyrst og fremst að því að endurvekja liðinn tíma og snúa við því ferli sem valdið hefur breytingum á máli nútímans. Í stað þess að skoða fyrirnefnd félagsleg öfl sé gefið í skyn að ástæður fyrir málbreytingum séu sálfræðilegar og líkamlegar.

Eiríki Rögnvaldssyni (1985a) finnst íslensk málstefna vera skipulagslaus íhaldssemi þar sem tilviljanakennt virðist hverju barist er gegn þegar kemur að málbreytingum. Sem dæmi nefnir hann íhaldssemi í nýyrðasmíð en hann telur hana hafa í alltof miklum mæli snúist um að búa til nýjar samsetningar í stað þess að taka upp erlenda stofna eða búa til nýja. Honum er heldur ekki ljóst af hverju lögð er áhersla á „réttá“ beygingu orða eins og *læknir* og en *köttur*, *fjörður* og fleiri eru látin óáreitt. Að mati Eiríks er nauðsynlegt að greina milli aðalatriða og aukaatriða og nefnir sem dæmi „þágufallssýki“ sem hann telur ekki einungis óþarfa heldur einnig skaðlega þar sem hún ýti undir málfarslega stéttaskiptingu. Segir hann þá röksemd að skólakennsla miði að því að jafna út þennan mun hægna þar sem kennslan virki ekki sem skyldi og geri því ekki annað en innræta nemendum að „þágufallssýki“ sé röng og af því leiðir að litið er

niður þá sem eru „sýktir“. Auk þess byggist röksemdin á því að eitt afbrigði sé réttara en annað og eru rökin fyrir því oftast en ekki þau að allar breytingar séu óæskilegar í sjálfu sér.

Eiríkur segir að undarlegt sé hversu oft málvöndunarmenn skjóti sér á bak við eitthvert ótilgreint yfirvald í stað þess að taka ábyrgð á sínum eigin orðum. Finnst Eiríki líklegast að fullyrðingar manna vísi í þeirra eigin fordóma sem oftast en ekki eigi rætur að rekja til þess sem þeir eru aldir upp við. Vissulega geti verið nauðsynlegt að hafa einhvern staðal til að miða við í kenningu en mestu skipti að hann byggi á rannsóknum á nútímamáli sem og fordómaleysi og umburðarlyndi. Ekki sé æskilegt að hafa dómstól sem geti dæmt eitt rétt og annað rangt heldur sé nauðsynlegt að leggja áherslu á fræðslu í stað fordóma.

Höskuldur Þráinsson (1985) segir að þeirri spurning hvort opinber málstefna sé til á Íslandi verði að svara neitandi. Hann telur það afar óheppilega afstöðu að segja að stefnan sé og hafi alltaf verið ljós og hafi verið eins og óskráð lög síðan á 19. öld. Hann segir jafnframt að ekki sé augljóst hvort allir fylgi sömu stefnunni, opinberri eða hálfopinberri. Nefnir hann afstöðu Baldurs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar um hvað sé rétt mál sem dæmi í þessum efnum. Baldur noti rétt mál um það mál sem samræmist málvenjum en Halldór aftur á móti um það sem þeir sem móta málstefnuna hverju sinni viðurkenni. Höskuldi finnst orðanotkun hér skipta miklu máli og segir stóran mun á því hvort sagt sé að tveir kostir séu jafn réttir en annan megi telja æskilegri en hinn þar sem hefð sé fyrir honum í málinu eða segja aðeins annan kostinn réttan og hinn þá rangan.

Höskuldur bendir einnig á að í kveri sínu *Gætum tungunnar* segi Helgi Hálfðanarson að „rétt sé að nota afturbeygt fornafn í skýringarsetningum í viðtengingarhætti til að vísa til frumlags aðalsetningarinnar“ (Höskuldur Þráinsson 1985:60-61). Ekki sé þó annað að sjá en að persónufornöfn hafi frekar verið notuð en afturbeygð fornöfn í samböndum af þessu tagi en í nútímamáli sé hins vegar algengara að nota afturbeygð fornöfn. Höskuldur telur afar ólíklegt að Helgi vilji mæla með því sem tíðkast í nútímamáli og sé þetta því í hæsta máta undarlegt.

Höskuldi finnst erfitt að svara því hvort nauðsyn sé á opinberri málstefnu en telur nauðsynlegt að gera nemendum vel ljóst hvað átt er við með réttu og röngu og að rétt sé það sem ekki brýtur í bága við neinar venjur og rangt það sem brýtur í bága við allar. Hann segir einnig að mikilvægt sé að fólki viti af hverju nauðsynlegt sé að halda í

beyginga- og hljóðkerfi og bendir á að sé forníslenskur texti borinn saman við nútímaíslensku annars vegar og dönsku hins vegar sjáist að kerfisbreytingar séu mestar og sé það þess vegna sem mönnum hafi verið annþ um kerfin. Að lokum leggur hann áherslu á að fræða fólk um mismunandi málvenjur og mállýskur og að mjög oft séu fleiri en einn kostur réttur og óþarft að gera upp á milli þeirra.

#### *1.4 Samantekt*

Í þessum kafla var reynt að sýna fram á hver staða málstefnunnar er, hvað hún felur í sér og hvaðan hún er sprottin. Sífelld er unnið að því að móta málstefnuna rétt eins og þingsályktunartillagan 2008-2009 ber vitni um. Markmið stefnunnar er skýrt, að efla og varðveita tunguna. Þegar kemur að varðveislu málsins einblína sumir, líkt og Kristján Árnason og Baldur Jónsson, á mál 13. aldar. Segja þeir fornbókmenntirnar vera fyrirmyndina að staðli máls nútímans og því nauðsynlegt að varðveita þann staðal svo hið innra samhengi hans haldist og þjóðin glati ekki tengslum við menningararfinn. Guðmundur Hálfðanarson og Kjartan G. Ottósson telja hins vegar áhugann á varðveislu málsins hafa sprottið af sjálfstæðisbaráttunni þegar farið var að leggja mikla áherslu á mikilvægi tungumálsins fyrir íslenska þjóðernisvitund. Gjarnan hafi verið sett samasemmerki á milli ástands tungu og þjóðar og tungan talin það sem gerði Íslendinga að sérstakri þjóð.

Menn á borð við Gísla Pálsson, Hrein Benediktsson, Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson gagnrýna málstefnuna. Í umfjöllun þeirra er hugmyndin um samfellu í máli sögð klisja og fela í sér miklar ýkjur þar sem sumir þættir málsins hafi breyst og nokkrir á róttækan hátt. Áhuginn á því að endurvekja liðinn tíma er jafnvel álitinn koma í veg fyrir rannsóknir á félagslegum ástæðum fyrir málbreytingum og gefið er í skyn að breytingarnar séu sálfræðilegar og líkamlegar. Því er varpað fram að málstefnan sé skipulagslaus íhaldssemi og ekki sé ljóst hvort allir fylgi sömu málstefnunni, opinberri eða hálfopinberri. Gagnrýnin er ekki á varðveislustefnuna sjálfa heldur þær leiðir sem notaðar eru til að ná markmiði stefnunnar. Sú hugmynd að nútímamál sé hið sama og mál miðalda er talið fela í sér miklar ýkjur og að hæpið sé að segja að almenningur geti lesið fornbókmenntirnar.

Að lokum má benda á að það er mjög athyglisvert hversu sterkum böndum þjóð og málstefna eru tengd sem og það sjónarmið sem áður hefur komið fram að þjóð sé ekkert án tungu. Íslenska þjóðin virtist komast á þá skoðun í sjálfstæðisbaráttunni að

tungan væri það sem gerði hana að þjóð og með því valið sér hana sem það tákn sem bæði gerir hana að þjóð og um leið aðgreinir frá öðrum þjóðum. Þegar sjálfstæðisbaráttan var í algleymingi lá beinast við að leita til fornþóknanna að málfyrirmynd. Líklega vegna þess að í þeim komumst við hvað næst upprunum, íslenskunni eins og hún var áður en hún fór að breytast vegna ýmissa málbreytinga og er því góð fyrirmynd. Fornþóknarnar eru því eins konar sönnun þess hversu lítið málið hefur breyst en það er einmitt það, þessi áður nefnda samfella í máli, sem er talin gera íslensku sérstaka.

Sé gengið út frá því að tungan sé einingartákn sem Íslendingar hafa valið sér má sjá að það val er fullkomlega rökrétt. Samkvæmt Guðmundi Hálfðanarsyni (1996) velur hver þjóð sér tákn sem tengir hana saman og aðgreinir hana frá öðrum. Íslendingar hefðu því ekki getað valið sér tunguna sem tákn nema hún væri vel til þess fallin að aðgreina þá frá öðrum. Glati tungan þessari sérstöðu sinni glatar þjóðin því sem tengir hana saman og gerir hana að þjóð. Það liggur því beint við að varðveislustefnan feli það beinlínis í sér að „varðveita íslensku eins og hægt er í núverandi mynd“ (Ari Páll Kristinsson 2002:4). Hver málbreyting færir okkur fjær fornri íslensku og um leið sjálfstæðinu.

## **2. Samfella eða málvenja?**

Eins og fram kom í gagnrýni á málstefnuna er ekki allir á sama máli um hvaða leiðir séu vænlegastar til árangurs þegar kemur að því að ná markmiði varðveislustefnunnar. Þeir sem leggja mikla áherslu á að samfella haldist í máli telja hana mikilvæga svo sú sérstaða sem tungan veitir okkur glattist ekki. Er þá oftast en ekki lítið til eldra máls þegar leitað er eftir viðmiði um gott mál. Áhersla er lögð á rétt og rangt mál og rétt mál skilgreint sem það sem á sér eldri hefð í málinu. Spornað er við málbreytingum í von um að halda málinu sem mest óbreyttu svo ekki sé hætta á því að samfellan í máli rofni og Íslendingar missi tengslin við menningararfinn.

Gagnrýnendur málstefnunnar efa, eins og fram hefur komið, að hugmyndin um samfella í máli eigi við rök að styðjast. Þeir telja hana ýkjur og viðhald hennar ekki nauðsynlegt til þess að varðveita málið. Finnst þeim mikilvægara að leggja áherslu á fræðslu og almenna þjálfun fólks í rituðu og töluðu máli. Þeir eru ekki sammála því að skilgreina skuli rétt mál það sem eldri hefð er fyrir í málinu heldur einfaldlega það mál sem ekki brýtur í bága við neinar málvenjur, óháð því hversu löng hefð er fyrir þeim.

Af þessu má sjá að skilgreining á réttu og röngu máli getur verið ólík og í kjölfarið það viðmið sem farið er eftir þegar gefnar eru leiðbeiningar um málfar, annars vegar er áhersla lögð á það sem eldra er í málinu og hins vegar á þær málvenjur sem fyrir eru í málsamfélaginu. Sem dæmi um hvort tveggja má taka eiginnafnið *Haraldur*. Sé áherslan á það sem eldra er í málinu væri eignarfallsmyndin *Haralds* talin betra mál en væri gengið út frá málvenjum í samfélaginu stæði val milli annars vegar myndarinnar *Haralds* og hins vegar *Haraldar* þar sem báðar venjur er að finna í málsamfélaginu. Augljóslega er munurinn á þessu tvennu þónokkur.

### 2.1 Menningararfurinn og móðurmálið

Í bók Árna Böðvarssonar, *Íslensku málfari*, er að finna ýmsa kafla og þar á meðal kaflann *Málrækt* þar sem fjallað er um íslenska tungu og rækt við hana út frá menningu og tilgangi málræktar almennt. Árni virðist viss um samfellu í máli og segir Íslending 21. aldar, Snorra Sturluson og Njáluhöfund alla skrifa á sömu tungu sem hefur varðveist það vel að við skiljum bókmenntir á borð við Njálu og Heimskringlu. Hann segir einnig að varðveislusjónarmiðið sé ein mikilvægasta ástæða málrækar og að Íslendingum beri „að skila framtíðinni þeim menningararfi sem við höfum fengið frá fólki fyrri tíma, að móðurmálinu meðtöldu“ (Árni Böðvarsson 1992:170). Þessi orð Árna eru afar athyglisverð og vekja upp þá spurningu hvort varðveislustefnan væri jafnvel ekki til í núverandi mynd ef ekki væri fyrir menningararfinn og áhersluna á að varðveita hann. Árni segir okkur ekki hafa heimild til þess að spilla þessum arfi „með gáleysi eða öðrum hætti, en við eigum að ræka hann og bæta. [...] Því er það skylda okkar Íslendinga nútímans bæði við forfeður okkar og komandi kynslóðir að varðveita þetta tungumál sem tengir saman aldir á Íslandi. En slíkt samhengi er einn burðarás íslenskar þjóðmenningar“ (Árni Böðvarsson 1992:170).

Baldur Jónsson (2002) leggur líkt og Árni Böðvarsson mikla áherslu á að samfella í máli haldist. Hann segir varðveislutungunnar fela í sér „að málinu sé haldið svo lítt breyttu að hver sem það kann sé læs á íslenskt mál allra alda“ (Baldur Jónsson 2002:360). Honum er einnig umhugað um menningararfinn og segir mikilvægt að Íslendingar geri sér ljóst hvílík hneisa það væri nú, „á dögum almennrar menntunar og skólagöngu, að týna málinu á tungu sér og fórna þannig öllum dýrmætasta arfi sínum“ (Baldur Jónsson 2002:360).

Hann segist jafnframt enga ástæðu sjá til þess að forðast það að nota rétt og rangt í dómum um mál manna. Segir hann málið rétt ef venjur málsins eru virtar, annars ekki. Með venju á hann þá við það sem eldra er í málinu og segir að sé um tvo misaldra kosti að ræða sé eldri kosturinn betra mál þar sem hann á sér lengri hefð. Hann tekur dæmi um þetta sem áður hefur verið notað en það er eiginnafnið *Haraldur*. Eldri hefð er fyrir eignarfallsmyndinni *Haralds* en *Haraldar* og það fyrra því betra mál.

Hann nefnir auk þess að tveir kostir geti talist jafn góðir sé um að ræða orðmyndir sem báðar eru forníslenska og tekur sem dæmi orðmyndirnar *tveimur* og *tveim*, *þremur* og *þrem* og segir þær allar teljast til fornrar íslensku. Einnig séu dæmi um að málvenja sé ókunn og þá leiki vafi á um matið. Bendir hann í framhaldi af því á veiku kvenkynsorðin *sýra* og *þota* og segir vafa leika á um hvernig beygja skuli orðin í eignarfalli fleirtölu. Samkvæmt meginreglunni ætti að segja *sýrna* og *þotna* en margar undantekingar séu frá meginreglunni þar sem skammvinn málvenja brýtur í bága við meginregluna. Hér sé því erfitt að segja til um hvort sé betra mál.

Að lokum bendir Baldur á staðbundnar málvenjur og að upp geti komið sú staða að tveir kostir verði að teljast jafn réttir. Tekur hann sem dæmi að *þora e-ð* sem hann segir flesta tala um en sums staðar á landinu sé sagt *þora e-u*. Hann telur báða kostina rétta en ef farið væri út í samræmingu máls bæri þó að taka að *þora e-ð* fram yfir *þora e-u* þar sem það síðarnefnda sé í minnihluta og þar að auki yngra mál.<sup>4</sup>

Athyglisvert er að skoða hvernig varðveislustefnan er kynnt í kennslubókum framhaldsskóla. Í einni slíkri eftir Ragnhildi Richter o.fl. (2007), *Íslensku máli II, Móðurmálinu mínu*, má finna undirkaflann *Málstefna*. Þar er fjallað um þau meginatriði málstefnunnar að efla og varðveita tungumálið og hvað varðveisla tungumálsins feli í sér. Í kaflanum segir að nauðsynlegt sé að sporna við breytingum á málkerfi og orðaforða, viðhalda beygingakerfinu og varðveita óbreytta fallnotkun svo áfram verði sagt t.d. *ég hlakka til en ekki mig hlakkar til*. Talað er um að markmiðið með varðveislu tungunnar sé „að halda tengslum við ritað mál fyrri alda á Íslandi, að Íslendingar geti

---

<sup>4</sup> Ari Páll Kristinsson (1998) tekur í svipaðan streng og Árni Böðvarsson og Baldur Jónsson. Hann segir í bók sinni, *Handbók um málfar í talmiðlum*, að fólk sé almennt sammála um markmið varðveislustefnunnar en megintilgangur hennar sé „að viðhalda því samhengi sem er í íslensku ritmáli frá upphafi (Ari Páll Kristinsson 1998:11). Hin einstaka samfella í ritmáli megi ekki rofna svo Íslendingum verði áfram kleift að lesa það sem ritað hefur verið frá 12. öld.

haldið áfram að lesa það sem skrifað hefur verið á öllum öldum“ (Ragnhildur Richter o.fl. 2007:126). Sagt er að engin önnur þjóð í Evrópu geti státað af því að lesa fornbókmenntir sínar án þýðinga og kjarninn í íslenskri málstefnu sé að halda íslenskunni hreinni og halda tengslum við mál liðins tíma svo sambengið í sögu þjóðarinnar varðveitist sem best. Greinilegt er að varðveislustefnan er kynnt undir formerkjum samfellu í máli og áhersla lögð á mikilvægi fornbókmennta og tengsla við þær en ekkert er fjallað um mismunandi málvenjur í málsamfélaginu.

## 2.2 Venjur málsamfélagsins

Hjá Indriða Gíslasyni o.fl. (1988) segir að nauðsynlegt sé að átta sig á því „að rétt mál er það sem er í samræmi við málvenju, rangt er það sem brýtur í bága við málvenju“ (Indriði Gíslason o.fl. 1988:56). Sagt er að íslenskan hafi þann höfuðkost að vera einsleitt mál og því oftast ljóst hver málvenjan sé. Það felur í sér að málnotendur séu sammála um málvenjuna auk þess sem málfræðingar hafi lýst venjunni í bókum og mállýsingum. Segir jafnframt að málfræðireglur séu ekki eitthvað sem málfræðingar fundu upp heldur í raun og veru lýsing á málvenjum. Bent er á að stundum geti verið ríkjandi tvær venjur eða fleiri um sama atriði og eigi það t.d. við um mállýskur og staðbundið málfar en einnig megi finna mismunandi málvenjur í setningafræðilegum og beygingafræðilegum efnum. Sé um tvo kosti að ræða sem hvorugir brjóti gegn neinum málvenjum sé það rétt mál. Í þessari afstöðu kemur fram helsti munurinn á þeim sem segja það rétt mál sem er eldra því hér eru málvenjur ekki aldursgreindar. Mál er álitnið rétt samræmist það málvenju burtséð frá því hversu gömul hún er.

Eiríkur Rögnvaldsson (1985a) gengur skrefinu lengra og telur þá leið að dæma allt rétt og rangt slæma. Betra væri að nýta tímann í að þjálfa nemendur í málinu og mikilvægast sé að fá fólk til að hugsa um móðurmál sitt og málfar án þess að verið sé að boða og banna. Hann telur að í fjölmiðlum þurfi að leggja áherslu á fræðslu frekar en fordóma og vænlegast til árangurs sé að leiðbeina unglíngum og fullorðnu fólki í skólum eða fjölmiðlum. Eiríkur segist aðspurður um hvort tiltekið atriðið sé rétt eða rangt svara með því að fræða viðkomandi um það sem máli skiptir líkt og hvað sé elst, útbreiddast, hvaða atriði séu hliðstæð í málinu og fleira sem gefur spyrjanda tækifæri til þess að mynda sér sína eigin skoðun. Í grein sinn *Hverjir eiga íslensku?* (1985b) segir Eiríkur að til að vernda málkerfið þurfi ekki að kalla eitt réttara öðru heldur þurfi að þjálfa fólk í að lesa, skrifa og tala íslensku. Hann segir að vilji menn í raun og veru

hægja á málbreytingum ætti að gera móðurmálskennslu hærra undir höfði og ekki sé hægt að ætlast til þess að ungt fólk læri sömu íslensku og afar þeirra og ömmur töluðu án þess að til komi meiri kennsla, sú krafa sé að öllu leyti ósanngjörn.

Stefán Karlsson (1985) tekur í svipaðan streng og Eiríkur og segir að lifandi mál hljóti alltaf að breytast. Hann segir að með málrækt sem hafi samhengi í íslensku máli að markmiði þurfi að sporna við óþörfum breytingum sem geta valdið því að þetta samhengi rofni. Hann tekur þó fram að hæpið sé að ætla að verja ómældum tíma í að reyna að útrýma orðum og beygingamyndum sem þegar er gömul hefð fyrir, jafnvel aldagömul hefð. Frekar ætti að hafa meira af góðu máli fyrir nemendum.

Það sjónarmið að hafa málvenjur að leiðarljósi þegar rætt er um rétt mál og rangt er nokkuð annað er birtist í kafla 2.1 og augljóslega er ekki algilt að hafa það mál sem eldra er sem viðmið þegar kemur að skilgreiningu góðs máls. Samkvæmt þeirri skilgreiningu að rétt mál sé það sem ekki brýtur í bága við neinar málvenjur gæti í raun málbreyting af hvaða toga sem er, jafnvel breyting á beygingakerfi, rutt sér til rúms og skapað nýja, almennt viðurkennda málvenju. Þágufall með sögninni að hlakka til t.d. gæti seinna meira skapað venju eða hefð og þótt gott mál þrátt fyrir að brjóta í bága við mál fornþóknanna og rjúfa með því margumrædda samfellu í máli. Einnig má sjá þá skoðun að ekki megi ítreka mikilvægi samhengis í máli á kostnað eiginlegrar málræktar sem fæli þá í sér almenna þjálfun í töluðu og rituðu máli. Mikilvægt sé að eyða ekki þeim takmarkaða tíma sem gefst til málrækar í skólum í að útrýma hefðum í málinu þrátt fyrir að til séu enn eldri hefðir sem sumir teldu þá ákjósanlegra að fylgja, tveir kostir geti því báðir samræmst málkerfinu þótt hefðirnar á bak við þá séu misgamlar.

Niðurstaða úr köflum 2.1 og 2.2 er sú að greinilegt er að mismikil áhersla er lögð á mikilvægi samfellu í máli og að ekki eru allir á sama máli um að telja skuli það betra mál sem eldri hefð er fyrir í málinu. Þeir sem vilja fara varlega í dóma um rétt og rangt mál vilja fara þá leið segja mál vera gott eða rétt þegar það brýtur ekki gegn neinum málvenjum og er það þá burtséð frá aldri þessara venja. Þeir einblína ekki á að varðveita samfellu í máli þar sem þeir telja hana ekki skipta sköpum fyrri almenna varðveislu málsins. Hinir sem leggja áherslu á varðveislu samfellu í máli eru á þeirri skoðun að miða skuli við forna íslensku þar sem of miklar breytingar á máli rjúfi samfelluna og færi okkur fjær menningararfinum. Rétt mál sé því það sem eldri hefð er fyrir í málinu



og nauðsynlegt sé að brýna það fyrir almenningi því aðeins þannig sé markmiði varðveislustefnunnar náð.

### 3. Tungumálið og ólík svið þess

Eins og fram hefur komið virðist ekki vera uppi ágreiningur um hvert markmið varðveislustefnunnar er heldur frekar hvaða leiðir er best að fara til þess að ná því. Ólík sjónarmið endurspeglast í margs konar málarsleiðbeiningum þar sem rétt mál er annars vegar talið það sem eldra er í málinu og hins vegar það sem ekki brýtur í bága við neinar málvenjur. Það er þess vert að skoða að hvaða sviðum tungumálsins þessar leiðbeiningar beinast helst því ekki er með öllu ljóst hver eiginleg skilgreining á tungumáli er. Ekki er ólíklegt að almenningur og fræðimenn skilgreini tungumál á mismunandi hátt og í kjölfarið varðveislu þess.

Fræðimenn virðast leggja áherslu á varðveislu málkerfisins og ýmsa þætti þess en athyglisvert er að mismikil áhersla er lögð á ólík svið. Leiðbeiningar um beygingu eru mest áberandi á meðan lítið er fjallað um þætti eins og framburð eða stafsetningu. Virðist talið að óbreytt beygingakerfið sé forsenda fyrir varðveislu málsins. Á þetta sérstaklega við um þá sem álíta varðveislumarkmiðinu aðeins náð með því að sporna við breytingum á málkerfinu svo samhengi í máli rofni ekki. Til þess athuga þetta nánar verða tekin sýnishorn úr bók Ara Páls Kristinssonar, *Handbók um málfar í talmiðlum*.

#### 3.1 Sýnishorn

Bók Ara Páls var valin þar sem hún endurspeglar þá skoðun að varðveisla málsins feli í sér að halda tungumálinu sem mest óbreyttu og forsenda þess að Íslendingar glati ekki tengslum við tunguna og menningararfinn sé að samfella í máli rofni ekki. Notaður var II. hluti bókarinnar en þar er að finna skrá sem inniheldur leiðbeiningar um einstök málarsatriði. Skoðaðar voru málarsleiðbeiningar á fyrstu 15 blaðsíðum kaflans, alls 306 orð og leiðbeiningar með þeim. Skipt var nokkuð gróflega í flokkana forsetning með staðarnöfnum, útlend staðarnöfn, þjóðaheiti, orðnotkun, framburður, beygingafræði og setningafræði. Léki mikill vafi á flokkun einstakra atriða var þeim sleppt.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Flokkar	Leiðbeiningar alls	Hlutfall í %
<b>Fs. með staðarnöfnum</b>	<b>36</b>	<b>11,7%</b>
<b>Útlend staðarnöfn</b>	<b>23</b>	<b>7,5%</b>
<b>Þjóðaheiti</b>	<b>42</b>	<b>13,7%</b>
<b>Orðnotkun</b>	<b>62</b>	<b>10,4%</b>
<b>Framburður</b>	<b>3</b>	<b>0,98%</b>
<b>Beygingafræði</b>	<b>133</b>	<b>43,46%</b>
<b>Setningafræði</b>	<b>5</b>	<b>1,6%</b>

**Forsetning með staðarnöfnum:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *Aðalvík - Í Aðalvík*.

**Útlend staðarnöfn:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *Álborg - Álaborg*.

**Þjóðaheiti:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *Afganistan - Ef. Afgani, ft. Afganar; afgangskur*.

**Orðnotkun:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *afstýra - Afstýra slysi, gjaldþroti o.s.frv. (síður „forða“ slysi, gjaldþroti o.s.frv.)*. Það ber að hafa í huga að orðnotkun er hér í víðri merkingu. Í nær öllum tilvikum var þó á einhvern hátt leiðbeint um notkun orða.

**Framburður:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *dýflissa - borið fram með –bl-*.

**Beygingafræði:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *Egill - Þgf. Agli*.

**Setningafræði:** Dæmi um leiðbeiningar í þessum flokki er *afturbeyging – Svonefnd afturbeygd fornöfn eru: sig, sér, sinn, sín, sitt. Þau eru notuð til að vísa á einhvern eða eitthvað sem nefnt hefur verið fyrr í setningunni eða undanfarandi setningu(m)*. Hafa skal í huga að sum atriði var erfitt að flokka og mögulegt er að þau setningafræðilegu séu fleiri. Áherslan á slík atriði er þó lítil.

Niðurstöður þessarar könnunar sýna ótvírætt að mesta áherslan er lögð á beygingaleg atriði og eru leiðbeiningar í þeim flokki margfalt fleiri en í öðrum. Nokkur áhersla er einnig lögð á orðnotkun en lítið sem ekkert er fjallað um setningagerð eða framburð. Það er athyglisvert að sjónum skuli sérstaklega beint að beygingu en líkleg skýring er hversu gjarnan beygingakerfið er tengt varðveislu málsins og jafnvel talin forsenda þess.

Það má sjá af orðum Baldurs Jónssonar (2002) að hann álítur varðveislugaldurinn hreinlega fólgin í því að halda sem fastast um beygingakerfið þar sem það sé sú burðargrind sem haldi öllu uppi. Hann tekur þó fram að ekki megi gera lítið úr framburðarþættinum þar sem slakur framburður geti molað niður beygingakerfið og við megum ekki við fleiri hljóðkerfisbreytingum en þegar hafa orðið. Nefnir hann í því samhengi þann háska sem flámælið getur haft í för með sér en nánar verður farið í það atriði í næsta kafla. Hann segir að þrátt fyrir að nokkuð fleiri breytingar hafi orðið á beygingum orða en menn átti sig á sé beygingakerfið í heild sinni óbreytt að kalla.

Eiríkur Rögnvaldsson (1985a) er á sama máli og segir miklu skipta að málkerfið haldist óbreytt í aðalatriðum og þar sé það líklega beygingakerfið sem þurfi að beina athyglinni að. Beygingar hafi minnkað mikið í skyldum málum og megi því búast við svipaðri þróun í íslensku. Færi svo væri það mikill skaði þar sem við myndum með því missa tengsl við allt það sem skrifað hefur verið í landinu. Hann segir þó erfitt að segja til um að hve miklu leyti slíkt myndi gerast en óhjákvæmilega myndu breytingar á setningagerð og jafnvel hljóðkerfi fylgja í kjölfarið.

Hjá Indriða Gíslasyni o.fl. (1988) má sjá sömu skoðun og hér á undan en þar segir að verndun beygingakerfisins sé grundvallaratriði í varðveislu málsins og nýyrðasmíð einn mikilvægasti þátturinn í viðhaldi beygingakerfisins auk þess sem varast skuli að taka inn í málið önnur orð en þau sem falla að beygingakerfinu. Nauðsynlegt sé að vera á verði fyrir breytingum sem geti raskað kerfinu en einnig þurfi

að hafa í huga að stundum geta gilt mismunandi málvenjur í beygingum rétt eins og í framburði.

Það er augljóst að beygingakerfið er talið ein af mikilvægustu forsendunum fyrir varðveislu málsins og áhersla er lögð á hversu lítið það hefur breyst. Halldór Halldórsson (1981) segir beygingakerfið hafa haldist óbreytt í öllum þeim atriðum sem máli skipta þó beygingar einstakra orða hafi tekið breytingum. Ari Páll Kristinsson (2002) tekur í sama streng og segir að beygingakerfi hafi tiltölulega lítið breyst þrátt fyrir að ýmsar málbreytingar hafi orðið og þá sérstaklega í íslenska hljóðkerfinu.

Það má hins vegar velta því fyrir sér hvort áherslan á varðveislu beygingakerfisins og þá staðreynd hversu lítið það hefur breyst sé í raun og veru tilkomin vegna þess að breytingar á beygingakerfinu séu álitnar ógna varðveislu málsins. Líklegt má telja að ekki allar breytingar á beygingu geti valdið því að samfella í málinu rofnaði og Íslendingar yrðu ófærir um að lesa fornbókmenntirnar. Breytingar á beygingarendingum t.d. hljóta að hafa fremur lítil áhrif og ættu ekki koma í veg fyrir skilning á fornu máli því ólíklegt er að til að mynda *hefi* sé nokkuð óskiljanlegra en *hefur* og ætti því ekki að geta rofið samfellu í máli þótt breyting yrði á beygingarendingu sagnarinnar.

Málfarsleiðbeiningar endurspeglar hins vegar oft en ekki ákveðið andóf gegn öllum breytingum á beygingu burtséð frá því hvort þær gætu mögulega skipt sköpum í varðveislu málsins eða ekki. Ari Páll Kristinsson (1998) fjallar t.d. sérstaklega í bók sinni um endinguna *-na* í eignarfalli fleirtölu af veikum kvenkynsorðum og segir aðalregluna að nota þá endingu. Litlu hlýtur þó að skipta fyrir skilning nútímaíslendinga á fornu máli hvort skrifað er *flugna* eða *fluga*. Af þessu má sjá að ekki er augljóst hvers eðlis áherslan á beygingakerfinu er. Sé ástæðan sú hversu lítið það hefur breyst og þess vegna mikilvægt að viðhalda því virðist ekki gerður greinarmunur á því hvort spornað er gegn breytingum sem mögulega geta haft mikil áhrif og þeirra sem tæplega eru til þess færar. Það er því ekki ólíklegt að áherslan á varðveislu málsins haldist í hendur við þá staðreynd að beygingakerfið hefur tekið tiltölulegum litlum breytingum í gegnum aldirnar og mikilvægt þykir að halda því við burtséð frá því hvort breytingar á því geti mögulega ógnað samfellu í máli og tengslum Íslendinga við menningararfinn.

### 3.2 Lestur fornbókmennta

Í framhaldi af umræðunni í kafla 3.1 má velta fyrir sér þeirri hugmynd að ákveðið samhengi í málinu hafi haldist í gegnum aldirnar. Áður hafa komið fram í gagnrýni á málstefnuna efasemdir um að hugmyndin sé á rökum reist og samfella í máli ýkt. Ágæt leið til þess að kanna hvort fyrrnefnd samfella í máli eigi sér stoð í raunveruleikanum og hvort Íslendingar geti í raun og veru lesið það sem skrifað var á 12. og 13. öld er að skoða skólaútgáfur Íslendingasagna líkt og Njálu. Í einni slíkri sem gefin var út árið 1996 má skýrt sjá hversu mikilla breytinga og skýringa er í raun þörf til þess að Íslendingum samtímans sé kleift að lesa menningararfinn. Í útgáfunni er textinn með nútímastafsetningu, líklega þar sem hæpið þykir að nemendur eða aðrir geti lesið íslenska stafsetningu forna. Nær 120 blaðsíður í lok bókarinnar fara í ýmsar skýringar, sérstaklega á orðaforða en einnig á persónum og stöðum sem koma fyrir í sögunni. Án þessara skýringa ætti almenningur líklega mjög erfitt með að skilja margar lýsingar á bæði fólki, stöðum og aðstæðum auk söguþráðarins. Er hér birt textabrot úr fyrsta kafla og þau orð feitletruð sem útskýrð eru:

**Mörður** hét maður sem kallaður var **gígja**. Hann var sonur **Sighvats hins rauða**. Hann bjó á Velli á **Rangárvöllum**. Hann var **rikur** höfðingi og **málafylgjumaður** mikill og svo mikill **lögmaður** að engir þóttu löglegir dómar dæmdir nema hann væri við. Hann átti dóttur eina er **Unnur** hét. Hún var **væn** kona og **kurteis** og vel að sér og þótti sá bestur kostur á Rangárvöllum.

Nú viku sögunni vestur til Breiðafjarðardala. Maður er nefndur **Höskuldur**. Hann var **Dala-Kollsson**. Móðir hans hét Þorgerður og var dóttir Þorsteins hins rauða, Ólafssonar hins hvíta, Ingjaldssonar, Helgasonar. Móðir Ingjalds var Þóra, dóttir Sigurðar orms í auga, **Ragnarssonar loðbrókar**. Unnur hin **djúpúðga** var móðir Þorsteins rauðs, dóttir Ketils flatnefs, Bjarnarsonar bunu. Höskuldur bjó á Höskuldsstöðum í Laxárdal.

**Hrútur** hét bróðir hans. Hann bjó á Hnútsstöðum. Hann var sammæður við Höskuld. Faðir hans var Herjólfur. Hrútur var vænn maður, mikill og sterkur, vígur vel og hógvær í skapi, manna vitrastur, **hagráður** við vini sína en tillagagóður hinna stærri mála.

Það var einu hverju sinni að Höskuldur hafði vinaboð og þar var Hrútur bróðir hans og sat hið næsta honum. Höskuldur átti sér dóttur er **Hallgerður** hét. Hún lék sér á gólfi við aðrar meyjjar. Hún var fríð sýnum og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið að það tók ofan á belt.

(Brennu-Njáls saga 1996:3-4).

Textabrotið hér að ofan sýnir vel hlutfall skýringa í stuttum texta. Sem dæmi um fjölda skýringa má taka tvo fyrstu kafla bókarinnar. Þeir eru 1254 orð, en það gæti skeikað

nokkrum orðum til eða frá, og eru þar smáorð talin í hvert sinn sem þau koma fyrir svo í raun eru orð kaflans færri. Kaflarnir eru rétt rúmar fjórar síður og aftast í bókinni taka skýringar fyrir þessa sömu kafla um þrjár síður og eru 39 talsins, 26 skýringar eiga við ákveðin orð eða orðalag og 13 við persónur og staði. Hlutfall skýringa af heildartexta þessara kafla er því 3,1 %.

Af þessu má sjá að gagnrýnendur málstefnunnar hafa nokkuð til síns máls, samfellan í máli virðist nokkuð ýkt og alls ekki sjálfgefið að almenningur geti lesið fornbókmenntirnar. Áhugavert er að flestar skýringar útskýra orð sem höfðu aðra merkingu í fornu máli en þau hafa í dag. Það má því álykta sem svo að varðveisla orðaforðans sé ein af forsendum þess að Íslendingar haldi tengslum við menningararfinn.

### 3.3 Staðbundinn framburður

Eins og sýnishornin í kafla 3.1 bera vitni um eru nær engar leiðbeiningar um framburð. Sú skoðun að forsendan fyrir því að samfella í máli haldist sé að varðveita málið sem best í núverandi mynd virðist ekki eiga við. Það sem eldra er í málinu er ekki endilega talið betra mál og mismunandi framburður talinn jafn réttur burtséð frá því hversu gömul hefðin er á bak við. Þegar umræða um framburð í tengslum við varðveislustefnuna er skoðuð kemur í ljós að hún er mjög takmörkuð. Umræðan um framburð er annars eðlis og þar virðist fegurðarsjónarmiðið oft ráða för. Harðmæli hefur til að mynda verið talinn ákjósanlegri framburður en línæli ekki vegna þess að hann sé upprunalegri heldur vegna þess að línæli þykir ekki hljóma eins vel.

Orð Halldórs Halldórssonar (1971) í bók hans *Íslensk málrækt* endurspeglar þá litlu áherslu sem lögð er á framburð þegar kemur að málvöndun. Halldór segir mismunandi framburð í einstökum héruðum skipta minna máli en sú skylda okkar að laga tunguna að nýjum menningarháttum. Hann segir einnig að samræming framburðar gæti orðið til þess að of mikil áhersla yrði lögð á framburð á kostnað annarra þátta sem skipta meira máli fyrir vöndun tungunnar.

Eins og kemur fram í bók Halldórs hafa verið gerðar tilraunir til að samræma framburð en ekki í því skyni að útrýma þeim framburði sem mögulega er yngri í málinu heldur fyrst og fremst í fegrunarskyni og til þess að koma í veg fyrir vandræði við stafsetningu líkt og flámæli getur valdið. Samkvæmt Kristjáni Árnasyni (2005) „leiðir flámælið gjarna til samfalls hálfnálagra og hálfjarlagra hljóða“ (Kristján Árnason 2005:398). Við breytinguna fækkar því einhljóðum auk þess sem samræmi í

aðgreiningu frammæltra og uppmæltra hljóða eykst. Hljóðin /i/ og /e/ annars vegar og /u/ og /ö/ hins vegar falla saman sem óneitanlega skapar vanda í stafsetningu.

Halldór fjallar um Björn Guðfinnsson í þessu samhengi en samkvæmt Kristjání Árnasyni (2005) gerði Björn mikla rannsókn á framburði 6520 skólabarna á aldrinum 12-13 ára á fimmta áratug síðustu aldar. Halldór segir Björn ekki aðeins hafa haft vísindalegan áhuga á málinu heldur hafi hann einnig felld síðferðilega dóma um málleg fyrirbæri. Halldór segir einnig að Björn hafi bent á að ákveðin samræming eigi sér stað í málinu þar sem eldri framburður sé á undanhaldi og segir að með aðgerðaleysi sé stuðlað að áframhaldandi þróun þess.

Halldór fjallar einnig um bréf sem lagt var fram á fundi Heimspekideildar Háskóla Íslands árið 1950 um samræmingu íslensks framburðar en í kjölfarið var kosin nefnd til að gera tillögur um þessi efni. Athyglisvert er að í álitinu sem deildin skilaði frá sér varar hún beinlínis við þeim hættum sem of mikil samræming hefði í för með sér og gerir greinarmun á því hvaða framburðaratriði skyldi fyrirskipa og hver skyldi telja æskileg. Er það aðeins flámælið og erlendur hreimur sem dæmd eru óhæf en annars er tiltekinn framburður talinn æskilegri en annar. Engin skýring virðist gefin á því eftir hverju er farið þegar lagt er mat á mismunandi framburð og því spurning hvort þar sé einungis farið eftir feegurðarsjónarmiði.

Kristján Árnason (2005) ber saman fyrrnefnda rannsókn Björns Guðfinnssonar á framburði íslenskra skólabarna og RÍN, rannsókn sem Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason gerðu á íslensku nútímamáli á níunda áratugnum. Segir hann þessar rannsóknir sýna að framburður leiti í samræmingarátt, meirihlutamállýskur breiðist enn frekar út og minnihlutamállýskur hverfi. Auk þess séu komar nýjungar sem gætu átt eftir að leiða til verulegra breytinga á hljóðkerfinu. Hann segir ómögulegt að segja fyrir um hvað muni nákvæmlega gerast en flestar breytinganna muni þó hafa í för með sér að bilið milli framburðar og ritháttar breikki og telur Kristján ekki ólíklegt að álit manna á mismunandi framburðareinkennum séu lituð af viðhorfi til stafsetningar.

Af ofansögðu að dæma virðist varðveislustefnan ekki eiga við staðbundið málfar. Reyndar taldi Björn Guðfinnsson að *eldri* framburður væri á undanhaldi en nær ómögulegt er að segja til um aldur alls staðbundins framburðar svo ekki er víst að það eigi við rök að styðjast. Má nefna harðmæli sem dæmi en líkt og Kristján Árnason

(2005) bendir á er ekki vitað nóg um ástandið á eldra stigi til þess að hægt sé að draga ályktun um hvort harðmælið sé eldra en linmælið. Að telja harðmæli ákjósanlegri framburð en linmæli vegna aldurs á því ekki við rök að styðjast.

Tillögur til samræmingar á framburði sem nefndin, kosin af Heimspekideild Háskóla Íslands árið 1950, lagði fram endurspeglar fyrrnefnt fegurðarsjónarmið og virðist lítið eiga skylt við varðveislustefnuna. Ákveðinn framburður virðist hafa verið talinn ákjósanlegri en annar vegna þess að hann var hljómfegurri en ekki endilega eldri í málinu. Mállyskur virðast því ekki vera eitt af því sem talið er ógna því samhengi sem haldist hefur í málinu og greinilegt að áherslan á varðveislu er mismikil eftir því hvort um ræðir orðaforða, rithátt, hljóðkerfi, beygingakerfi eða setningafræðilegar breytingar.

Eins og sýnishornin í kafla 3.1 sýna greinilega er aðaláhersla lögð á beygingakerfið. Þar er helst spornað við breytingum og þær flestar taldar vont mál. Um annað ræðir þegar hljóðkerfið á í hlut eins og breytingar á framburði geta haft í för með sér. Líkt og áður hefur verið bent á telur Ari Páll Kristinsson (2002) ýmsar málbreytingar hafa orðið frá upphafi til nútímans. Stærstu breytingarnar hafi þó orðið á hljóðkerfinu en setningagerð og beygingakerfi hafi lítið breyst. Það má velta því fyrir sér hvort það geti verið ástæðan fyrir því að áhersla sé lögð á að viðhalda beygingakerfinu eins óbreyttu og hægt er en minna gert úr breytingum á hljóðkerfi. Áherslan á varðveislu beygingakerfisins sé því ekki endilega mikil vegna þess að kerfið skipti sköpum fyrir varðveislu málsins heldur hafi beygingakerfið einfaldlega breyst minnst af ólíkum sviðum tungumálsins og því liggi beint við að viðhalda því sem mest óbreyttu. Hljóðkerfið hefur hins vegar tekið stórvægilegum breytingum og er þegar orðið mjög ólíkt hljóðkerfi fornrar íslensku svo lítil von er til þess að varðveita það í sinni upprunalegustu mynd.

Það má svo velta því fyrir sér af hverju flámæli varð snemma fyrir því að vera talið óæskilegt og ljótt og af hverju gert hafi verið á svo afgerandi hátt upp á milli mismunandi framburðar hafi varðveisla málsins ekki verið höfð að leiðarljósi. Þeirri hugmynd má einnig varpa fram að þar hafi ritháttur haft einhver áhrif, rétt eins og Kristján Árnason (2002) bendir á. Talið var að vandi gæti skapast í ritun ef annars vegar /i/ og /e/ hefðu fallið saman og hins vegar /u/ og /ö/ og hefur það meðal annars verið ástæðan fyrir skoðun á framburðinum. Baldur Jónsson (2002) segir sérhljóðakerfið í heild sinni hafa breyst margoft og nefnir þar sem dæmi samruna hljóðanna *y* og *i*. Sú



breyting hafi gert okkur erfitt fyrir að stafsetja gömul orð og fráhrarf frá þeirri venju gæti raskað íslenskri rithefð. Segir hann sömu hættu fylgja flámælinu en á hæsta stigi verði fjögur hljóð að tveimur sem sé mikil einföldum á sérhljóðakerfinu og gæti það orðið til þess að vonlaust yrði að kenna íslenska stafsetningu án þess að taka breytinguna í sátt.

Eins og áður segir hafa komið fram nýjar breytingar í framburði sem gætu átt eftir að hafa mikil áhrif á þróun hljóðkerfisins en einnig mun bilið milli framburðar og ritháttar breikka. Sem dæmi um þessar nýjungar má nefna ks-framburð, höggmæli og óskýrmæli. Nokkuð hefur verið amast við þessum nýju breytingum og mætti álykta sem svo að í tilvikum flámælis og nýrri framburðarbreytinga sé andstaðan gegn þeim sprottin af þeirri staðreynd að framburðurinn hefur eða getur haft áhrif á ritháttinn. Ekki er ólíklegt að hér hafi varðveislustefnan áhrif, ekki er æskilegt að rithátturinn breytist um of enda gæti það leitt til þess að Íslendingar yrðu ólæsir á fornbókmenntirnar.

#### **4. Lokaorð**

Í ritgerðinni var sjónum beint að varðveislumarkmiði íslenskrar málstefnu Í 1. kafla var annars vegar fjallað um varðveislustefnuna í tengslum við forna íslensku en mikil áhersla er lögð á að varðveita málið svo Íslendingar rjúfi ekki ákveðið samhengi sem ríkt hefur í íslenskri tungu. Haldist samhengi í máli ekki sé hætta á því að Íslendingar glati tengslum sínum við þann menningararf sem bókmenntirnar eru.

Hins vegar var varðveislustefnan skoðuð í ljósi sjálfstæðisbaráttunnar en álitid er að áhugi þjóðarinnar á íslenskri tungu hafi að miklu leyti vaknað á tímum hennar. Tungan var sögð forsenda þjóðernisvitundar og sú hugsun að ástand þjóðar og tungu færi saman varð ríkjandi. Svo virðist sem Íslendingar hafi valið sér tunguna sem það tákn sem bæði gerði hana að þjóð og um leið aðgreindi hana frá öðrum þjóðum.

Að lokum var fjallað um gagnrýni á málstefnuna en hún beinist ekki að varðveislustefnunni sjálfri heldur frekar að þeim leiðum sem farnar eru til þess að ná markmiði hennar. Í gagnrýninni er hugmyndin um samfellt mál dregin í efa og talið að um ýkjur sé að ræða auk þess sem samfella í máli er ekki talin forsendan fyrir varðveislu þess. Málstefnan er talin skipulagslaus íhaldssemi og tilviljanakennt gegn hvaða málbreytingum er barist.

Í 2. kafla er farið nánar í hugmyndina um samfellu í máli. Þeir sem aðhyllast þá hugmynd leggja áherslu á að varðveita samhengi í máli og telja það gert með því að leiðbeina um rétt og rangt mál. Er forníslenska höfð sem viðmið og það mál talið rétt sem eldri hefð er fyrir. Kapp er lagt á að sporna við málbreytingum og leiðbeina um málfar svo samhengi haldist í tungumálinu. Einnig er fjallað um þá skoðun að rétt mál sé það sem ekki brýtur í bága við neina málvenju burtséð frá því hversu löng hefð sé á bak við. Áhersla er þá lögð á fræðslu frekar en fordóma og þjálfun almennings í rituðu og töluðu máli. Er varðveislu málsins aðeins talið náð með þeim aðferðum og ekki vera undir samfellu í máli komin. Niðurstaðan er sú að viðmiðið er ekki alltaf það sama þegar fólki er leiðbeint um málfar og mismunandi leiðir við varðveislu málsins taldar vænlegar til árangurs.

Í 3. kafla var sýnt fram á að málfarsleiðbeiningar beinast að ólíkum sviðum málsins. Fræðimenn virðast skilgreina tungumálið sem málkerfi og leggja áherslu á varðveislu þess. Sýnishorn voru tekin úr safni málfarsleiðbeininga í bók Ara Páls Kristinssonar (1988), *Handbók um málfar í talmiðlum*, þar sem bókin endurspeglar þá hugmynd að varðveisla málsins felist í því að varðveita samhengi í máli. Tekin voru 306 sýnishorn alls og hlutfall þeirra af heild reiknað. Niðurstöður sýndu að mest áhersla er lögð á beygingakerfið og þeirri hugmynd var varpað fram að ástæðan fyrir því að beygingakerfið er talið forsendan fyrir varðveislu málsins sé tengt þeirri staðreynd hversu lítið beygingakerfið hefur breyst frá upphafi. Það sé því ekki endilega talið nauðsynlegt að varðveita beygingakerfið vegna þess að breytingar á því skipti sköpum fyrir varðveislu málsins almennt heldur vegna þess að hingað til hafi það haldist að mestu óbreytt og því mikilvægt að svo sé áfram.

Í framhaldi af þessu var rætt hvort hugmyndin um samfellu í máli eigi við rök að styðjast. Skólaútgáfa af Brennu-Njáls sögu var skoðuð en þar er sagan rituð með nútímastafsetningu auk þess sem ítarlegar skýringar á orðaforða, persónum og stöðum er að finna aftast í bókinni. Hlutfall skýringa af heildartexta í fyrstu tveimur köflum bókarinnar var reiknað og var niðurstaðan að ástæða þótti til að útskýra rúm 3% textans. Greinilega er því hæpið að segja að almenningur geti lesið fornþekktir án hjálpar.

Að lokum var fjallað um staðbundinn framburð og ástæður fyrir því að lítið sem ekkert er talað um mikilvægi varðveislu hans fyrir samhengi í máli og varðveislu málsins almennt. Aðaláherslan er lögð á beygingakerfið í því samhengi og hljóðkerfið

að miklu leyti afskipt þegar spornað er við málfarsbreytingum. Því var varpað fram að þar sem beygingakerfið hefur breyst mun minna en hljóðkerfið sé sjónum beint að því að viðhalda beygingakerfinu sem best. Erfitt sé hins vegar að varðveita hljóðkerfið í upprunalegri mynd þar sem stórvægilegar breytingar hafa þegar orðið á því. Einnig var bent á að fegurðarsjónarmið virðist að mestu ráða skoðun á ólíkum framburði þar sem ákveðinn framburður er talinn hljómfegurri en annar og því ákjósanlegri. Hefur aldur framburðar þar ekki áhrif enda nær ómögulegt að aldursgreina allan staðbundinn framburð. Greinilegt er að mismikil áhersla er lögð á ólíka þætti málsins og staðbundinn framburður ekki talið eitt af því sem ógnar varðveislu málsins.

## Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ari Páll Kristinsson. 2002. Málrækt: hvers vegna? *Málfregnir* nr. 21:3-9.
- Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 2002 [1973]. Íslensk málvöndun. *Málsgreinar. Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann*, bls. 355-367. Rit Íslenskrar málnefndar 13, Reykjavík. [Birtist upphaflega í *Lesbók Morgunblaðsins* 19. ágúst 1973.]
- Brennu-Njáls saga. 1996. Örnólfur Thorsson annaðist útgáfuna. 2. útgáfa. Mál og menning, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1985a. Málstefnan í nútíð og framtíð. *Skíma* 8:7-10.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1985b. Hverjir eiga íslensku? *Morgunblaðið* 1. maí 1985. Sótt 15. febrúar 2009 af vefsvæði Eiríks: <http://www.hi.is/~eirikur/rit-er.htm>.
- Gísli Pálsson. 1979. Vont mál og vond málfraði. Um málveirufraði. *Skírnir* 153:175-201.
- Guðmundur Hálfðanarson. 1996. Hvað gerir Íslendinga að þjóð? Nokkrar hugleiðingar um uppruna og eðli þjóðernis. *Skírnir* 170:7-31.
- Halldór Halldórsson. 1971. *Íslensk málrækt*. Hlaðbúð, Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. 1981. Um málvöndun. *Mál og túlkun. Safn ritgerða um mannlega fræði*, bls. 201-222. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1969. On the Inflection of the ia- Stems in Icelandic. *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*, bls. 391-402. Heimskringla, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1985. Um málstefnu og málvöndun. *Skíma* 8:13-16.

- Kjartan G. Ottósson. 1990. Tungan í straumi sjálfstæðisbaráttunnar. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*, bls. 76-99. Rit Íslenskrar málnefndar 6, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2001. Málstefna 21. aldar. *Málfregnir* nr. 20:3-9.
- Kristján Árnason. 2005. Mállýskur og breytileyki. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslensk tunga I*, bls. 364-424. Ritstj. Margrét Guðmundsdóttir o.fl. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Indriði Gíslason o.fl. 1988. *Mál og samfélag. Um málnotkun og málstefnu*. Iðunn og höfundar, Reykjavík.
- Ragnildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson. 2007. *Íslenskt mál II, Móðurmálið mitt*. Mál og menning/Edda útgáfa, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1985. Lifandi tunga á gamalli rót. *Skíma* 8:30-32.
- Tillaga til þingsályktunar um íslenska málstefnu. Sótt 15. febrúar 2009 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/0248.html>.